

Nd.

47. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

Lög nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða, skulu ekki koma til framkvæmda um Múlasýsluumboð, heldur skal þar eftirleiðis sem hingað til skipaður af ráðherra sjerstakur umboðsmaður.

Umboðslaun skulu frá næstu umboðsmannaskiftum vera 10% af öllum eftirgjöldum.

Umboðsmaður skal búsettur vera nálægt miðju Múlapings.

Ástæður.

Um Múlasýsluumboð er líkt háttáð og Arnarstapa- og Skógarstráendar-umboð, sem með lögum frá 1917 var ákveðið að haldast skyldi með líkri skipun og áður, svo sem hjer er lagt til að verði um Múlasýsluumboð. Á 3 af 15 jörðum og jarðahlutum Múlasýsluumboðs, sem eftir eru, hafa vaxið upp kaupún, þar sem útmælingar lóða til bygginga og ræktunar aukast ár frá ári og sýnilegt er, að á næstu áratugum verður fjölbýli mikið. Auk þess eru 4 aðrar jarðir, sem hljóta að verða í opinberri eign af öðrum ástæðum. Ein þeirra er fjölsótt verstöð að sumri og hausti, með nokkrum leigðum verbúðarlóðum; ein læknissetur, ein sjálfkjörin vitajörð og ein námalandið Helgustaðir.

Á síðastliðnum 19 árum hafa verið seldar um 20 af jörðum umboðsins og meðal þeirra ýmsar þær stærstu og dýrustu, en lóðaleigan hefir á þessum tíma hamlað svo upp gegn sölunni, að tekjur umboðsins hafa vaxið fremur en minkað, þótt kaupúnajarðirnar sju í fastri ábúð og landsetar þeirra fyrir sína tíð taki $\frac{1}{4}$ — $\frac{1}{3}$ af lóðaleigum.

Óll meðferð þessara opinberu jarðeigna má vænta, að verði samræmilegri og tryggari, ef einn maður, vel hæfur, fer með þær undir umsjón ráðherra, en verða mundi, ef þær sundruðust meðal 5–8 hreppstjóra, svo sem líklegt er, að orðið gæti eftir lögum nr. 30 1913.